

**71. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
17. október 2017 og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kristjana H. Ólafsdóttir varamaður, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**2. 1709149 - Vesturgata 137 - fyrirspurn**

Fyrirspurn um stækkun húss um allt að 54,5m<sup>2</sup>. Húsið tilheyrir deiliskipulagi Stofnanareits, nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,4 skv. greinargerð. Ekki eru sýndir byggingarreitir innan skipulagsins.

*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið.*

**3. 1705122 - Sementsverksmiðjan - rif á mannvirkjum**

*Alls bærust tólf tilboð í verkið. Lægstbjóðandi var Work North ehf. sem bauð kr. 175.279.000 í tilhögun 1 og kr. 160.722.000 í tilhögun 2.*

*Kostnaðaráætlun Mannvits í tilhögun 1 var kr.326.130.000 og í tilhögun 2 kr.271.260.000.*

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda um tilhögun 1 í verkið.*

**4. 1710061 - Lækjarflói í Flóahverfi - lagerpláss fyrir rör OR í aðveitulögn**

Beiðni Veitna ehf. um að fá að nýta svæði í Lækjarflóa í Flóahverfi fyrir lager af nýjum rörum í aðveitulögn í allt að ár.

*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið og felur sviðstjóra að ganga frá samkomulagi við Veitur ohf.*

**5. 1708044 - Gjaldskrár skipulags- og umhverfissviðs (gatnagerðargjöld og fl.)**

*Sviðstjóri fór yfir vinnuskjal um gatnagerðargjöld.*

**6. 1710116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2018-2022.**

*Sviðsstjóri fór yfir stöðu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2017. Ennfremur voru lögð drög að fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2018-2022.*

**7. 1710119 - Umhverfissvottun Faxaflóahafna**

Bréf Faxaflóahafna dags. 10. okt. 2017 varðandi umhverfissvottun.

*Skipulags- og umhverfisráð óskar Faxaflóahöfnum til hamingju með umhverfissvottunina og tekur undir mikilvægi þess að umhverfismál skulu ávallt höfð að leiðarljósi í umgengni og starfsemi sveitarfélaga og fyrirtækja.*

**1. 1708089 - Umhverfisviðurkenningar 2017**

Auglýst var eftir tilnefningum í eftirfarandi flokk:

1. Falleg einbýlishúsalóð
2. Falleg fjölbýlishúsalóð
3. Snyrtileg fyrirtækja- eða stofnanalóð
4. Hvatningarverðlaun, eru veitt þeim sem hafa staðið að endurgerð húsa og/eða lóða
5. Samfélagsverðlaun, eru veitt einstaklingum, hópum og/eða félagasamtökum sem vinna óeigingjarnt starf í þágu umhverfisins
6. Tré ársins

Nefnd fór yfir tilnefningarnar sem bárust og kynnti vinnu sína á síðasta fundi.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkti viðurkenningar til umhverfisverðlauna fyrir árið 2017.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.**

*Einar Þorvaldur  
Lisjana H. Dufeldottir  
Valgarður G. Jónsson  
Kristín Sigurgeirsdóttir  
Karítas Jónsdóttir  
Sig. P. H.*